

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðarbyggðar Veigahvamms og frístundabyggðar Veigahalls í landi Veigastaða, Svalbarðsstrandarhreppi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti þann 14. október deiliskipulag íbúðarbyggðar Veigahvamms og frístundabyggðar Veigahalls í landi Veigastaða, Svalbarðsstrandarhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur íbúðarlóðum ofan Vaðlaheiðarvegar og norðan frístundabyggðarinnar Vaðlaborga A. Vegtenging inn á svæðið er frá Vaðlaheiðarvegi norðan Fífuhvamms. Deiliskipulagið gerir auk þess ráð fyrir sjö frístundahúsalóðum ofan íbúðarlóðanna með vegtengingu við gatnakerfi frístundabyggðarinnar Vaðlaborga A sem tengist Veigastaðavegi. Stærð skipulagssvæðisins samanlagt er um 3,6 ha.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Svalbarðseyri, 24. október 2008.

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps,

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. nóvember 2008